

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Diljá Mist Einarsdóttur um skatt af barnalífeyri.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg börn greiddu tekjuskatt af barnalífeyri ár hvert frá 2020–2024 sem þau fengu vegna foreldramissis? Svar óskast sundurliðað eftir aldri barnanna.*
2. *Hverjar voru skatttekjur ríkisins ár hvert frá 2020–2024 af barnalífeyri barna undir 16 ára aldri?*
3. *Hverjar voru skatttekjur ríkisins ár hvert frá 2020–2024 af barnalífeyri barna á aldrinum 16–18 ára?*
4. *Hverjar voru útsvarstekjur sveitarfélaga ár hvert frá 2020–2024 af barnalífeyri barna undir 16 ára aldri?*
5. *Hverjar voru útsvarstekjur sveitarfélaga ár hvert frá 2020–2024 af barnalífeyri barna á aldrinum 16–18 ára?*
6. *Hyggst ráðherra hækka frítekjumark barna undir 16 ára aldri sem hefur ekki hækkað í samræmi við verðlag frá árinu 2014?*

Barnalífeyrir er framfærsla með börnum yngri en 18 ára og greiðist foreldrum eða framfærendum að uppfylltum skilyrðum laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, og er á því byggt í svari þessu. Málefnasvið barnalífeyris heyrir undir félags- og húsnæðismálaráðherra og sér Tryggingastofnun um framkvæmd þess. Réttur til barnalífeyris er til staðar ef annað hvort foreldra er látið eða er örorku-, endurhæfingar- eða ellilífeyrisþegi, barnið er ófeðrað eða hitt foreldri barns afplánar dóm, hafi annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft búið hér á landi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir og mælir 40. gr. almannatryggingalaga ekki fyrir um hærri greiðslur barnalífeyris. Samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, er Tryggingastofnun heimilt að greiða samkvæmt umsókn ungmennisins sjálfs barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru látnir, enn fremur ef foreldrar eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar, annað eða báðir, ungmenni er ófeðrað, sýslumaður úrskurðar að foreldri þurfi ekki að borga framlag vegna náms eða sýslumanni tekst ekki að hafa uppi á foreldri til að greiða framlag. Tryggingastofnun metur sönnun um skólavist og starfsþjálfun. Skilyrði er að námið og þjálfunin taki a.m.k. sex mánuði hvert ár. Fjárhæð barnalífeyris vegna ársins 2025 er 48.131 kr. á mánuði, eða 755.572 kr. á ári. Samkvæmt 2. málsl. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, skal ekki telja til tekna barnalífeyri, enda sé fjárhæðin ekki umfram tvöfaldan barnalífeyri sem greiddur er á grundvelli framangreindra ákvæða. Í ljósi þess að barnalífeyrir er ekki skattlagður virðast ekki forsendur til að svara 1.–5. tölul. fyrirspurnarinnar.

Hvort ráðherra hyggist hækka frítekjumark barna undir 16 ára aldri, sem réttilega er bent á að hafi ekki hækkað í samræmi við verðlag frá árinu 2014, er því til að svara að slík

hækkun gæti komið til álita. Benda má á að skatthlutfall barna í staðgreiðslu 2025, þ.e. þeirra sem fædd eru 2010 eða síðar, er 6% (4% tekjuskattur, 2% útsvar) af tekjum skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt, þ.e. launatekjum umfram frítekjumarkið sem er 180.000 kr., sbr. 6. gr., sbr. og 2. mgr. 66. gr. laganna. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að skv. 2. mgr. 64. gr. laga um tekjuskatt skal skattleggja tekjur barns sem um ræðir í 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna, þ.e. launatekjur, hjá barninu sjálfu, en aðrar tekjur barns innan 16 ára á tekjuárinu hjá foreldrum þess, sbr. það sem nánar kemur fram í 1. mgr. tilvitnaðrar lagagreinar.